

Hvernig geta foreldrar hjálpað við lestrarnámið Grunnskólaaldur



Samstarf heimilis og skóla

Gott og markvisst samstarf heimilis og skóla getur stuðlað að árangri í lestrarnámi nemenda.

Viðhorf foreldra til heimalesturs hefur mikil áhrif á þróun lestrarfærni barnsins. Því er mikilvægt að foreldrar sinni heimalestrinum vel.

Í samvinnu við skólana bera foreldrar ábyrgð á þróun lestrargetu barna sinna og þurfa að sýna gott fordæmi varðandi lestrarvenjur. Stærsta áskorun foreldra við upphaf skólagöngu er að styðja barnið í lestrarnáminu. Það er hins vegar ekki alltaf létt að verða við þeirri áskorun en nær ómögulegt er að skorast undan, vilji foreldrar að barni þess farnist vel í skólanum.



Heimalestur

Í felstum skólum er heimalestur í föstum skorðum. Mestar kröfur eru gerðar til foreldra yngstu barnanna, á meðan þau eru að ná tökum á lestartækninni. Eftir því sem ofar dregur í aldri minnka kröfur um skipulagðan heimalestur, þar sem foreldrar bera ábyrgð á að barnið lesi markvisst heima og/eða vinni lestartengd verkefni. Mikilvægt er að skólar séu með markviss lestartengd heimaverkefni allan grunnskólann og að foreldrar viti hve mikilvægu hlutverki þeir gegna varðandi heimalesturinn og hvert hlutverk þeirra er þar að lútandi. Góð og markviss samvinna heimils og skóla er því mjög mikilvæg til að barnið nái góðri lestrarfærni.

Góð ráð fyrir foreldra til að styðja við lestrarfærni barna

Hlusta á barnið

- Vertu góður hlustandi
- Sögur – frásagnir
- Rím og romsur
- Hlusta á mismunandi hljóð í orðum

Tala við barnið – orðaforði er mikilvægur undirstöðupáttur lesturs/lesskilnings

- Um bókstafi og hljóð þeirra
- Um orð; samsett orð og orð í setningum
- Um merkingu orða
- Um sögur /bækur
- Þjálfid orðaforða við öll tækifæri, í bílnum, við matarborðið, við sjónvarpið

Spila við barnið

- Fjölbreytt spil – lottó, bingó
- Búið til spil t.d. samstæðuspil með nöfnum fjölskyldumeðlima
- Leikir og spil í tölvum sem eru þroskandi

Lesið fyrir barnið á hverjum degi

- Talaðu um og útskýrðu erfið orð
- Áður en lesið er – talaðu um og skoðuðu bókina – um hvað fjallar hún?
- Á meðan lesið er – ræða um efni bókarinnar
- Eftir lesturinn – ræða um efni bókarinnar

Hlusta á lestur barnsins

- Barnið þarf að lesa í 15-20 mínútur á dag
- Eldri börn lesi a.m.k. 10 blaðsíður
- Lestur krefst mikillar æfingar

Hlusta á bækur

Mismundandi lestur

- Endurtekinn lestur – foreldri les fyrst, barnið les síðan sama texta
- Skiptilestur – foreldri og barn lesa til skiptis línu, hluta af blaðsíðu eða heila blaðsíðu
- Lesa sama texta tvisvar sinnum
- Hraðlestur

Sýna áhuga á bókum

- Hafið fjölbreytta bækur sýnilegar á heimilinu
- Kaupið bækur
- Gefið bækur
- Farið saman á bókasafn og fáið lánaðar bækur
- Lesið sjálf (foreldrarnir)
- Lesið fyrir barnið
- Spyrjið barnið um efni bóka sem það les
- Talið um bækur, blöð, tímarit og það sem þið lesið á skjám
- Ræðið um innihald mismunandi texta
- Vekja athygli á mismunandi bókum/textum

Horfa á og ræða

- Um myndir og sjónvarpsefni
- Heimasíður

Skrifa

- Boðskort
- Bréf
- Sms
- Tölvupóst
- Lista
- Uppskriftir
- Minnismiða
- Dagbækur
- Samskiptasíður



Mikilvægt er að hafa í huga að heimalestur er þjálfun, ekki „kennsla“. Heimalestur á ekki aðeins að snúast um að auka leshraða, hann felst einnig í að auka orðaforða og skilning á tungumálinu og reglum þess. Auk þess á hann að innihalda æfingu við að tileinka sér mismunandi lesskilningsaðferðir. Mikilvægt er að **heimalesturinn** sé hvorki of þungur né léttur.

Góð ráð fyrir foreldra til að styðja við lestrarfærni barna

Um leið og barnið les, vektu þá athygli á rithætti orða s.s. rími; dús, lús, mús. Hjá eldri börnum má t.d. benda á einfaldan og tvöfaldan samhljóða eða mismunandi framburð orða s.s. baka/bakka, Una/unna o.s.frv.

Þegar barnið les eitthvað orð rangt, bentu þá á viðkomandi orð og lestu það rétt svo að barnið heyri réttan framburð orðsins. Ekki láta barnið tafsa lengi á „erfiðu“ orði.

Láttu barnið lesa rangt lesna orðið aftur og lesa aftur alla setninguna til að vera viss um að það skilji samhengi textans. Láttu barnið endursegja, með sínum orðum, frá því sem það las.

Til að athuga lesskilning barnsins skaltu stoppa lesturinn af og til og spyrja út í efni textans, t.d. um persónur, staði, tíma og atburðarás.

Spurðu barnið um hvers vegna persónurnar bregðast við eins og þær gera í **sögunni** og reyndu að fá það til að rökstyðja svarið með tilvísun í söguna (gæti þurft að aðstoða barnið við þetta).

Áður en sögunni lýkur skaltu biðja barnið að spá fyrir um sögulok, „hvernig heldur þú að sögunni ljúki“?

Láttu barnið lesa upphátt fyrir þig á hverjum degi

Veldu hljóðlátan stað þar sem þið verðið ekki fyrir truflun.